

Nd.

335. Frumvarp

til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

Frá meiri hluta bjargráðanefndar.

1. gr.

Á meðan Norðurálfuófriðurinn stendur er landsstjórninni heimilt að veita sýslufjelögum, bæjarfjelögum og hrepps-fjelögum lán, til þess að afstýra almenntri neyð af dýrtíð og matvæðaskorti. Lán þessi veitast til allt að 10 árum frá því er ófriðnum lýkur.

Landsstjórnin setur nánari ákvæði um lán þessi, úthlutun þeirra og notkun. Skal leitast við að verja þeim meira til atvinnubóta en hallærisstyrks beinlínis, og hvergi skal veita lán þessi nema full þörf sje sýnileg.

2. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt, á meðan Norðurálfuófriðurinn stendur, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem til þess að undirbúa stórhýsi, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, byggingu hafna, víta, brúa og vega, og til að reka matjurtarækt í stærri stíl, námugróft eða önnur nauðsynjafyrirtæki.

3. gr.

Nú veita hrepps-fjelög eða kaupstaðir einstöku mönnum lán þeim til framfæris frá því er lög þessi öðlast gildi og þar til 3 mánuðum eftir að Norðurálfustyrjöldinni er lokið með friðarsamningi, og skulu þau lán eigi talin sem sveitarstyrkur, ef greidd eru innan 10 ára.

4. gr.

Til framkvæmda þessum lögum heimilast landsstjórninni lántaka, svo sem þörf krefur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.